

Umhverfissráðuneytið  
Hermann Sveinbjörnsson  
Skuggasundi 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 01. nóvember 2010  
2010100007/42-0  
TB  
jgo/tb

### **Selfossveitur bs. rannsóknaleyfi vegna virkjunar í neðri hluta Ölfusár**

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfissráðuneytinu, dags. 14. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Selfossveitna b.s. um rannsóknaleyfi á vatnasviðum Ölfusár við Selfoss. Um er að ræða rannsóknir vegna hugsanlegrar rennslisvirkjunar í neðri hluta Ölfusár.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur tvo náttúrufarsþætti í framangreindu máli rennslisvirkjunar í Ölfusá vera þess eðlis að eðlilegra sé að skoða þá sérstaklega áður en farið er út í kostnaðarsamar heildarrannsóknir. Þessir þættir eru annars vegar áhrif virkjunar á laxfiskastofna í Ölfusá og öðrum ám ofar í vatnasviði árinna og áhrif stíflu á vatnasvið og umhverfi m.a. m.t.t. flóða og votlendis en um er að ræða vatnsmestu á landsins.

Náttúrufræðistofnun telur ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um verndargildi fiskistofna á vatnasviði Ölfusár að svo komnu máli en fullyrðir hins vegar með vísan í þekkta sögu Ölfusár og annarra áa ofar að það sé hátt á landsvísu. Það er einnig ljóst að rennslisvirkjun á þessu svæði er líkleg til að geta haft veruleg áhrif á fiskistofna. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf því að meta fyrst hvort það sé yfirleitt ásættanlegt og hagkvæmt að hafa rennslisvirkjun á þessum stað. Eins og kemur fram í bréfi Selfossveitna bs. er talað um seiðaveitur og vélasamstæður sem eru „fish friendly“ til að tryggja að áhrif á niðurgöngur sjógönguseiða verði hverfandi. Einnig kemur fram að samráð verði haft við Veiðimálastofnun, veiðifélög og staðkunnuga um laxastiga og útfærslu á þeim þannig að þeir valdi óverulegu raski. Þetta er sett fram með þeim hætti í lið 4 í umsókn Selfossveitna að nánast er búið að fullyrða að þetta sé framkvæmanlegt. Einn kostur er að vísu ekki nefndur en hann er sá að eðlilegt rennsli sé í ánni frá maí til september loka sem væntanlega hefur þó mikil áhrif á hagkvæmni virkjunarinnar. Vert er einnig að benda á að þar sem laxár hafa verið virkjaðar með þessum hætti hefur ekki verið um jökulár að ræða eftir því sem stofnunin kemst næst.

Í lið 1, Tilgangur rannsóknar segir að hann sé að: 1. meta betur hina ýmsu valkosti við útfærslu virkjunarinnar, 2. meta umhverfisáhrif virkjunar, umhverfismat og 3. meta hagkvæmni virkjunar. Þarna er ekki lögð áhersla á að meta hvort virkjunin sé yfirleitt raunhæfur kostur m.t.t. áhrifa á laxfiskastofna.



Það er hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands skv. lögum um stofnunina að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. Með öðrum orðum leiðbeina um sjálfbæra nýtingu. Það er ráðgjöf Náttúrufræðistofnunar um þennan landnýtingarkost að áður en farið er í heildarrannsóknir, rannsóknir sem vafalaust geta orðið kostnaðarsamar, þar sem nýting er hið eiginlega lokamarkmið, þá sé kannað fyrst hver hugsanleg áhrif á fiskistofna í ánni geta orðið og hvort yfirleitt sé hægt að hafa rennslisvirkjun í Ölfusá sem um leið tryggir vernd og viðkomu laxfiskastofna í ánni. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að þetta er ekki eina lax- og silungasáin á Suðurlandi sem stendur til að virkja.

Náttúrufræðistofnun leggur til við umhverfisráðherra að beita sér fyrir því að áður en heildar rannsóknaleyfi sé gefið út fyrir rennslisvirkjun í Ölfusá þá verði kannað betur hvort það sé yfirleitt mögulegt og ásættanlegt að setja rennslisvirkjun í Ölfusá með tilliti til verndar laxfiskastofna og áhrif stíflu á vatnafar, þ.m.t. flóð, í Ölfusá og á vatnasviði hennar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

